

Grenndarkynning – Hafnarfjarðarbær

Breyting á lóð við Hamarsbraut 5, 220 Hafnarfirði.

Skipulags- og byggingarráð Hafnarfjarðar samþykkti á fundi sínum 13.6.2017 að auglýsa tillögu að breyttu deiliskipulagi á lóð við Hamarsbraut 5 í samræmi við 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Erindi vegna deiliskipulagsbreytinga við Hamarsbraut 5 hefur áður borist skipulagsfulltrúa í febrúar 2017. Var sú breytingartillaga auglýst í samræmi við 1. mgr. 43. gr. og grenndarkynnt í samræmi við 2. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Athugasemdir bárust vegna erindisins. Skipulags- og byggingarráð synjaði tillögunni.

Á fundi skipulags- og byggingarráðs Hafnarfjarðar þann 13.6.2017 var lögð fram ný tillaga að deiliskipulagi lóðarinnar dags. 30.5.2017.

Breytingin felst í að: Komið er fyrir tvíbýli á lóðinni.

Ekki eru gerðar tillögur að öðrum skilmála breytingum. Heimilt byggingarmagn á lóð verður áfram 204,8 m² (nhl. 0,45) og aðrir þættir en snúa að gerð hússins eins og kveður á um sk. gildandi skilmálum. Bílastæði eru leyst innan lóðar og eru nú staðsett fyrir miðju lóðar við Hamarsbraut 5, í stað þess að vera að aðliggjandi lóðarmörkum líkt og fyrri tillaga gerði ráð fyrir.

Umferðarsérfræðingur hefur farið yfir áhrif umferðar við aukningu einnar íbúðar við Hamarsbraut og telur þau minniháttar.

Á fylgigögnum má sjá breytingartillöguna.

Breytingarnar verða grenndarkynntar frá 29.6.2017 til 10.08.4.2017.

Nánari upplýsingar eru veittar hjá Umhverfis- og skipulagsþjónustu, Norðurhelli 2.

Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við breytinguna og skal þeim skilað skriflega til Umhverfis- og skipulagsþjónustu Hafnarfjarðarbæjar, eigi síðar en 10. ágúst 2017. Þeir sem ekki gera athugasemdir við breytinguna innan tilskilins frests, teljast samþykkir henni.

Umhverfis- og skipulagsþjónusta Hafnarfjarðar.

Skipulagsfulltrúi.